Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Mennta- og barnamálaráðuneyti
B.t. Óskars Hauks Níelssonar
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Kópavogi, 2. september 2026
2607715/200.00 ABS

Efni: Fyrirspurn frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu varðandi Waldorfskólann í Lækjarbotnum

Í tölvupósti dagsettum 2. júní 2026 óskaði Óskar Haukur Níelsson, sérfræðingur hjá Mennta- og barnamálaráðuneyti eftir upplýsingum um stöðu Waldorfskólans í Lækjarbotnum (sbr. MRN25100329). Erindi þetta kemur í kjölfar fundar sem sviðsstjóri Menntasviðs Kópavogsbæjar óskaði eftir með ráðuneytinu um stöðu skólans í lok október 2025. Fundinn sátu fulltrúar frá ráðuneytinu ásamt sviðsstjóra Menntasviðs og fráfarandi og núverandi deildarstjórum grunnskóladeildar.

Undanfarin ár hefur grunnskóladeild sinnt skólaþjónustu í formi ráðgjafar og stuðnings við starfsfólk, nemendur og foreldra barna í Waldorfskólanum lögum samkvæmt. Markmiðið hefur ávallt verið að styrkja faglegt starf í skólanum m.a. með því að veita fræðslu til starfsfólks og foreldra. Erindi og námskeið hafa verið haldin um lestur, læsi og lestrarkennslu, farsæld barna, úrvinnslu einstakra nemendamála, náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur í 10. bekk og fleira auk þess sem árgangar í efri bekkjum grunnskólans hafa verið lestrarprófaðir utan stöðlunartíma lesferils. Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri að lesa á *náttúrulegan máta* og *á eigin hraða*. Grunnskóladeild hefur bent á að brýnt sé að þjálfa jafnframt markvisst hljóðafimi og lesfimi og vinna með lestrartengd verkefni í tengslum við það sem lesið er hverju sinni. Skólinn hefur gert bragarbót á þessu.

Á nýliðnu skólaári lagði menntasvið sérstaka áherslu á að Waldorfskólinn legði Matsferil miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu [MMS hér eftir] fyrir nemendur, líkt og langflestir skólar á landinu gerðu. Grunnskóladeild stóð fyrir fræðslu og ráðgjöf varðandi það hvernig skráning í Matsferilinn færi fram, hvernig próftöku væri háttað og hvernig lesið væri úr niðurstöðum. Þá var stjórnendum og starfsfólki ráðlagt að sækja fundi sem MMS hélt um Matsferilinn haustið 2025. Lagt var upp með að allir nemendur í 4. til 10. bekk tækju stöðu- og framvindupróf í lesfimi, lesskilningi og stærðfræði; rétt eins og aðrir nemendur í grunnskólum í Kópavogi gerðu. Til að auðvelda skólanum fyrirlögn prófanna lánaði grunnskóladeild skólanum 22 spjaldtölvur. Á þessum tímapunkti hefur grunnskóladeild ekki fengið upplýsingar um stöðu einstakra árganga skólans í Matsferlinum. Óskað verður eftir niðurstöðum nú við upphaf nýs skólaárs.

Kópavo

Í Waldorfskólanum er vel staðið að ýmsum þáttum náms og kennslu og ber að halda því til haga. Í óformlegri könnun sem grunnskóladeild Menntasviðs framkvæmdi vorið 2023 og náði til drengja í 9. og 10. bekk kom fram að þeim líður almennt mjög vel í skólanum. Jafnframt kom fram að þeir hafa skýra sýn á framtíðina og vita hvernig þeir hyggjast ná markmiðum sínum varðandi framtíðarmenntun.

Undanfarin ár hafa tíðar mannabreytingar einkennt starfsemi Waldorfskólans. Á þremur árum hafa stjórnendaskipti átt sér stað í þrígang. Það hefur skapað áskoranir varðandi samskipti og eftirfylgni af hálfu grunnskóladeildar þar sem endurtaka hefur þurft ráðgjöf og stuðning með hverjum nýjum stjórnanda. Þrátt fyrir það hafa samskipti og samstarf almennt gengið mjög vel og síðastliðið ár hafa skólastjórnendur sýnt skýran vilja til að sækja sér og nýta þann stuðning sem grunnskóladeild og menntasvið bjóða upp á.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir
Deildarstjóri grunnskóladeildar

Rafræn skilríki

Undirritað af: Anna Birna Snæbjörnsdóttir

Tími: 04.09.2026 11:15
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Ingibjörg Ýr Pálmadóttir

Tími: 04.09.2026 15:02
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign